

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 19. apríl kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 3. og 4. lið frá HLH ráðgjöf; Haraldur L. Líndal, Arnar Haraldsson og Þórey I. Guðmundsdóttir.

Gestur undir 7. lið var Gústav Aron Gústavsson, rekstrarstjóri innviðaráðuneytisins og fyrrverandi starfsmaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 22. mars 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 22. mars 2024.

Fundargerð frá 22. mars 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Útgjaldajöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs - Umræða

Mögulegar breytingar á regluverki

Umræður um mögulegar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs í útreikningum á útgjaldajöfnunarframlagi.

3. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Breytingar á regluverki – HLH ráðgjöf

Ráðgjafar frá HLH ráðgjöf kynntu mögulegar tillögur að breytingum á regluverki Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Vísað var til skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 sem gefin var út í apríl 2022 af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Í skýrslunni er að finna tillögur um aukinn stuðning úr Fasteignasjóði vegna uppbyggingar húsnæðisúrræða fatlaðs fólks.

Greindu þeir frá því að mikil fjölgun er á biðlistum í herbergjasambýlum hjá Reykjavíkurborg og að mögulega þurfi að hafa SIS mat sem forsendu fyrir þjónustu. Í reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er kveðið á um 25% framlag úr Fasteignasjóði til byggingar hæfingarstöðva, en sjóðurinn er vel í stakk búinn að auka framlagið. Með hækkun framlagsins megi auka framþróun í málaflokknum og efla þar með fólk til sjálfsbjargar inn í framtíðina.

Bentu ráðgjafarnir á að mikilvægt væri að huga að langtímaáætlun til fimm eða tíu ára í samstarfi við HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) um stofnframlög til uppbyggingu sambýla. Jafnframt að samantekið frá árinu 2011 til ársins 2020 hafa eingöngu 414 m.kr. farið í stofnframlög til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk. Sveitarfélögin sitja mörg hver uppi með mjög dýra langtíma leigusamninga, jafnvel tvöfalt hærri leigu en markaðsleiga í mörgum tilfellum.

Fjárhagsstaða Fasteignasjóðs sé sterk og því svigrúm til hækkunar þátttökuhlutfalls sjóðsins til uppbyggingar þjónustukjarna með stofnframlögum. Viðmiðið sé í dag fimm íbúðir í hverjum kjarna en reglugerð heimilar sjö íbúðir. Þegar horft sé til Norðurlandanna þá eru dæmi frá Noregi þar sem verið sé að byggja heilar blokkir fyrir þjónustukjarna. Breyta þurfi reglugerðum til að stækka núverandi þjónustukjarna, einnig væri hægt að stækka við þá sem eru nú þegar til staðar. Núverandi kerfi býður upp á gríðarleg mismunun, hægt sé að mæta þessu með aðgerðum og huga þurfi til lengri tíma.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fela starfsmönnum að vinna málið áfram í samvinnu við nefndina.

4. Framlög til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra v. Reykjadal

Framlög 2024 og úttekt

Lögð var fram beiðni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna rekstrar Reykjadal 2024 þar sem farið er fram á hækkun á framlagi til rekstrar Reykjadal á árinu 2024 í 183 m.kr.

Á fundi ráðgjafarnefndar í september 2023, við afgreiðslu framlags 2023, var óskað eftir að gerð væri rekstrarúttekt sem og var HLH ráðgjöf fengin til að gera úttektina. Niðurstaða úttektarinnar er að vel er haldið utan um rekstur Reykjadal en bent er á ákveðin atriði sem gera megi betur í rekstrinum. Nokkur halli var á rekstrinum árin 2021 og 2022 sem rekja megi til „betri vinnutíma“

þ.e. styttingu vinnuvikunnar, en einnig lögðust niður helgardvalir vegna Covid-19. Rekstrarafkoman var jákvæð árið 2023 sem m.a. má rekja til hækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Fram kom að starfsfólk Reykjadal vinnur langar vaktir eða um 12-15 tíma og þá nokkra daga í röð og að það sé öryggisatriði að breyta vaktafyrirkomulaginu í þrískiptar vaktir og draga þannig úr yfirvinnukostnaði. Mikilvægt sé jafnframt að lögð verði áhersla á að öll þau sveitarfélög sem nýti sér þjónustu Reykjadal greiði fyrir þjónustuna. Þá var bent á að breyta megi fyrirkomulagi um viðhald fasteigna til að draga úr kostnaði. Innheimtugjöldin voru hækkuð 2022 og hafa fylgt verðskrá sveitarfélaga.

Hugmyndir um að setja inn tillögu að hagkvæmari rekstri, endurskoða rekstrarfyrirkomulag í vaktafyrirkomulagi o.fl.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fela starfsmanni að vinna að samkomulagi við Reykjadal vegna ársins 2024 sem byggt yrði á beiðninni og sett yrði ákvæði inn í samkomulagið þar sem fram kæmi að stjórnendur Reykjadal myndu vinna að breyttu vaktafyrirkomulag Reykjadal sem kæmi til framkvæmdar á árinu 2025.

5. Sameiningar sveitarfélaga

Húnabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Húnabyggð, dags. 9. apríl 2024, þar sem óskað var eftir viðbótarframlögum vegna formlegs samtals um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar. Óskað var eftir sérstöku framlagi vegna stofnkostnaðar grunn- og leikskólamannvirkja, frekari fjárframlögum vegna sameiningar Húnabyggðar og Skagabyggðar og að áður samþykktur styrkur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að fjárhæð 40 m.kr., til uppbyggingar Umhverfisakademíu, fái að renna til uppbyggingar Textílmíðstöðvar Íslands á Blönduósi til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna stofnkostnaðarframlagi vegna grunn- og leikskóla. Þá hafnaði nefndin því að sameiningarframlag fengist með Húnabyggð þar sem enn er verið að greiða framlag til sveitarfélagsins vegna sameiningar Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps. Að lokum ákvað nefndin að samþykkja að áður samþykkt framlag að fjárhæð 40 m.kr. verði greitt til

Textílmíðstöðvar Íslands á Blönduósi eða sambærilegs verkefni til nýsköpunar- og þróunarverkefnis í atvinnumálum á svæðinu.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

6. Framlög vegna ÍSAT

2. áætlun ársins 2024

Lögð var fram endurskoðuð áætlun um framlög vegna íslensku sem annars tungumáls á árinu 2024, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Í heildina er greitt með 4.264 börnum. Alls fjölgar börnum um 500 á milli ára. Framlög 2. áætlunar reiknast 879.758 þús. kr. samanborið við 639.880 þús. kr. árið 2023.

Til viðbótar kemur framlag til Menntamálastofnunar skv. samningi um starf verkefnastjóra í nýbúafræðslu samtals að fjárhæð 17.964.780 kr. Alls verður því fjárhæð framlaganna árið 2024 897.723 þús. kr. miðað við fram lagða áætlun.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun á árinu 2024 að fjárhæð 897.723 þús. kr.

7. Almenn grunnskólaframlög

Kynning

Farið var yfir forsendur í reiknilíkani almenna grunnskólaframlagsins, í því er gert ráð fyrir að 2,33% af útsvarsstofni sé vegna yfirfærslu grunnskólans og er því ætlað að standa undir kennslukostnaði.

8. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

2. áætlun ársins 2024

Lögð var fram endurskoðuð áætlun um framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2024, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Á grundvelli 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, greiðir Jöfnunarsjóður framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

Í 2. áætlun hefur notendagrunnur verið keyrður saman við þjóðskrá og lögheimili uppfærð, SIS mót uppfærð auk þess sem tillit er tekið til nýliðunar frá fyrri áætlun.

Lagt er til að greitt verði með 928 einstaklingum samanbórið við 1.008 árið 2023. Líkleg ástæða fækkunar á milli ára er sú að brottfall vegna nemenda sem komast af grunnskólaaldri hefur þegar komið til en nýliðun ársins einungis að litlum hluta. Því er líklegt að fækkunin gangi til baka með síðari endurreikningi áætlunarinnar. Fjárhæð 2. áætlunar er sú sama og 1. áætlun eða 3.247.852 þús. kr. í heild. Af því er greitt til Reykjavíkurborgar 1.850.071 þús. kr. vegna samnings um rekstur Klettaskóla en 1.397.771 þús. kr. til annarra sveitarfélaga á grundvelli SIS mats.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp aftur haustið 2024.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlunina að fjárhæð 3.247.852 þús. kr.

9. Barnaverndarstofa

Framlög vegna barna vistuð utan lögheimilissveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. apríl 2024, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vorannar 2023. Greiðir sjóðurinn Barna- og fjölskyldustofu framlag vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barna- og fjölskyldustofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð sem nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Óskar Barna- og fjölskyldustofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 4.479.557 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja umsókn Barna- og fjölskyldustofu um framlag að fjárhæð 4.479.557 kr. vegna vorannar 2023.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

10. Umsókn vegna rekstrarúttektar

Reykjavíkurborg

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 17. apríl 2024, þar sem óskað er eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 30 m.kr. vegna úttektar á málefnum fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. Frá því að málaflokkur fatlaðs fólks var fluttur frá ríki til sveitarfélaga hefur kostnaður við málaflokkinn vaxið umtalsvert. Reykjavíkurborg hefur gert samning við ráðgjafarfyrtækið HLH ehf. um að framkvæma rekstrarúttekt á málaflokki fatlaðs fólks í Reykjavík. Áætlað er að verkinu ljúki eigi síðar en í lok maí 2024.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 30 m.kr.

11. Fasteignasjóður – aðgengisframlög

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Garðabæ, dags. 12. apríl 2024, þar sem sótt er um framlag til úrbóta í aðgengismálum við Tónlistarskóla Garðabæjar, leikskólann Bæjarbóli, Sjúalandsskóla og Íþróttamiðstöðina Ásgarð. Úrbæturnar fólust í uppsetningu á hjólastólalyftu, sjálfvirkum opnunarbúnaði og rampi. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 5.316.092 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.658.046 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til Garðabæjar að fjárhæð 2.658.046 kr. vegna framkvæmdanna.

12. Breytingar á úthlutunarreglum almennra framlaga vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar sem fjallað er um regluverk almennra framlaga vegna fatlaðs fólks og mögulegar breytingar á því. Breytingar hafa verið til umfjöllunar í einhverri mynd frá árinu 2020 en með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins frá liðnum vetri liggur fyrir að aukinn kraft þarf að setja í þá vinnu.

Sveitarfélög fá jafnan framlög vegna fatlaðra þjónustunotenda á grunni SIS mats en um 20% notenda eru andlag framlaga á grunni kostnaðar við þjónustuna eins og hann er metinn af sveitarfélögnum. Engin viðmið eru til um kostnaðarmatið enda var gert ráð fyrir því við samningu regluverksins að það væri eingöngu nýtt í undantekningartilvikum. Farið var yfir tölfræði úr notendagrunni Jöfnunarsjóðs vegna framlaganna, upplýsingar sem felast í SIS mati notenda og leiðir til að uppfylla ákvæði ofangreinds samkomulags. Fyrir liggur að ytri ráðgjafi muni verða starfsmönnum sjóðsins innan handar við tillögugerð um breytingar á kerfinu.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir vék af fundi kl. 13:10

13. Endurskoðunarskýrsla Jöfnunarsjóðs og Fasteignasjóðs

Ríkisendurskoðun

Lögð var fram til umfjöllunar og kynningar endurskoðunarskýrsla frá Ríkisendurskoðun á ársreikningum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Fasteignasjóðs ársins 2022.

14. Ferð ráðgjafarnefndar 2024

Farið verður í árlega ferð ráðgjafarnefndar dagana 4. - 6. júní. Ákveðið að heimsækja sveitarfélög á Norðausturlandi.

15. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði hinn 13. maí 2024.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:51.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir